

Ályktanir Allsherjarnefndar

Ályktun nr. 11

Tónlistaskólar

60. Fjórðungsþing Vestfirðinga vill því beina því til starfshóps menntamálaráðuneytisins um framtíð tónlistarkennslu á framhaldskólastigi að áfram verði stutt við tónlistarnám á framhaldskólastigi á landinu öllu til að tryggja jafnan rétt barna til náms óháð búsetu og til að tryggja að tónlistarnám fái þrífist á landinu öllu. Því verður ekki trúað að vilji sé til þess í þjóðfélaginu að flæma grunnskólabörn úr heimahögum sínum svo þau geti stundað framhaldsnám í tónlist.

Greinagerð:

Sveitarstjórnarmenn á Vestfirðum vilja áréttta mikilvægi tónlistarnáms fyrir smærri og stærri samfélög. Tónlist er hluti af menningararfi okkar og skapar tekjur fyrir allt samfélagið auk þess sem hún eykur vellíðan fólks og hefur mikið félagslegt vægi. Börn og ungmenni sem stunda tónlistarnám á sínum heimaslóðum fá tækifæri til að þroska og efla sína tónlistarhæfileika við aðstæður sem þau þekkja og veita þeim öryggi. Foreldrar geta stutt við nám barna sinna og tekið þátt í kostnaði við námið án þess að það hafi veruleg áhrif á fjárhag heimilanna. Því er það með tónlistarnám eins og annað nám að jafn réttur allra til að stunda nám við hæfi skerðist ef tónlistarkennsla á framhaldskólastigi verður eingöngu niðurgreidd við einn tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Áhugi fólks á tónlist og tónlistarnámi og tónlistarhæfileikar eru ekki bundnir búsetu og með því að takmarka aðgengi barna og unglunga á landsbyggðinni að tónlistarnámi geta hæfileikar farið forgörðum og við hin misst af efnilegu tónlistarfólki.

Ályktun nr.

60. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Patreksfirði 2. og 3. október 2015 hvetur Innanríkisráðherra til að beita sér fyrir auknum fjárframlögum til hafnarmála. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir einungis 212 milljónir til almennra framkvæmda sem duga skammt til viðhalds og nýframkvæmda. Fjölmörg verkefni liggja fyrir í hafnargerð í landinu og mikil þörf er á viðhaldi enda hafa framlög til hafnaframkvæmda og viðhalds verið skorin niður undanfarin ár. Miðað við fyrirliggjandi fjárlög og nýtt fjárlagafrumvarp er ólíklegt að verkefni sem liggja fyrir í Samgönguáætlun 2015-2018 komist til framkvæmda vegna fjárskorts.